

Fagna við- ræðum um húsnæðismál geðfatlaðra

GEÐHJÁLP fagnar því að stjórn Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands hefur óskað eftir viðræðum við samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar um málefni geðfatlaðra, en greint var frá því í Morgunblaðinu á fimmtudag.

„Tekið skal undir þá sýn manna að húsnæðivandinn sé hluti þeirra brýnu úrlausnarefna í málefnum geðsjúkra sem hrint verður í framkvæmd. Það er því ósk Geðhjálpar að aðrir þættir sem ræddir hafa verið og lagðir hafa verið fyrir opinbera aðila og flokkast undir brýn úrlausnarefni í ofangreindu samhengi, s.s. umönnunarstofnun, hreyfanlegt teymi (með þverfaglegri aðkomu) og skoðun lagaumhverfisins verði jafnframt sett í forgang,“ segir m.a. í frétt frá Geðhjálp.